



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Þjóðahátíð
á vegum Íslenskrar ættleiðingar
Reykjavík
23. október 2005**

Góðir hátíðargestir

Það er gaman fyrir okkur Dorrit að vera með ykkur í dag og við óskum ykkur til hamingju með hátíðina. Hér kennir svo sannarlega margra grasa, fjölbreytileikinn ræður ríkjum.

Samfélag okkar hefur á undanförnum áratugum orðið litríkara og auðugra fyrir áhrif frá fólki sem hingað hefur komið um langan veg.

Siðir og menning sem áður voru framandi móta nú lífshætti okkar á ýmsan hátt; við höfum orðið umburðarlyndari, lært margt nýtt. Ísland hefur líka orðið skemmtilegra og bæjarbragur Reykjavíkur batnað til muna.

Við eigum því að vera þakklát fyrir framlag þeirra sem bæst hafa í hópinn og mikilvægt að meta til hlítar hvernig þau hafa breikkað og dýpkað reynslu hinna.

Íslendingar eru landnemaþjóð og allir voru nýbúar við upphaf sögu okkar, komu frá fjarlægum löndum, sigldu yfir hafið, héldu út í óvissuna, námu land þar sem engin byggð var áður, sköpuðu hér samfélag sem kalla má fjölmenninglegt.

Svo stolt höfum við verið af upprunaárum, sögu landnámsfólksins, að við höldum henni gjarnan á lofti og erum sí og æ að þylja frásagnir af þessu fólki.

Þegar ég var ungur strákur vestur á fjöðrum fengum við sögurnar af Gísla Súrssyni og öllu hans fólki beint í æð og ég hélt um tíma að hann hefði dáið í fyrra, svo nákominn var hann okkur. Ég man enn hve

undrandi ég varð þegar það rann upp fyrir mér að Gísli hefði reyndar verið uppi fyrir meira en þúsund árum.

Það er annars merkilegt að koma nú vestur á firði og sjá hve fjölþætt mannlífið þar er orðið. Þegar ég var ungur voru Færeyingar þeir einu sem bættust í hópinn en nú býr fyrir vestan fólk af meira en fjörutíu þjóðernum. Árlega er þar haldin þjóðahátíð með söngvum og dansi, góðum mat frá öllum álfum, gleðin og ánægjan skín úr andlitunum.

Það er því vel að Reykjavík fylgi í fótspor fólksins fyrir vestan og austan sem reið á vaðið með þjóðahátíð því vissulega væri borgin fábrotinari ef ekki hefði borist liðsauki úr mörgum áttum.

Á vissan hátt getum við sagt að nú sé ný landnámstíð, að Ísland sé að eignast á hverju ári nýja þegna sem munu auðga landið á margan veg. Slíkt er sannarlega fagnaðarefni og gaman verður að fylgjast með framgöngu nýju landnemanna; kannski verða einnig skrifaðar um þá sögur eins og gert var til forna.

Það er vissulega vandaverk að annast undirbúning þess að börn í fjarlægum löndum eignast íslenska foreldra og koma hingað – og oft hefur reynt á þrautseigju og þolinmæði foreldranna. Allt hefur þetta þó blessast vel og þakka ber því góða fólki sem hér hefur rétt hjálparhönd.

Það var merkileg reynsla fyrir okkur Dorrit að heimsækja fyrir fáeinum árum heimili fyrir börn í Bombay, ræða við konurnar sem þar réðu ríkjum, heyra frásagnir af örlögum stúlkna og drengja sem þangað komu ærið ung, skynja vonina um að foreldrar í öðrum löndum kæmu til bjargar.

Augu barnanna voru ógleymanleg, glampinn, gleðin, stjórnur sálna sem voru að meta heiminn. Framtíð þeirra var ekki björt ef óskir foreldra í öðrum löndum yrðu ekki að veruleika.

Þessi stund með börnunum og góðum konum í miðri Bombay, borgin ólgandi, iðandi og hávær fyrir utan, en inni ríkti kyrrð og friður, andakt vona og drauma um betra líf – þessi stund hefur fylgt okkur Dorrit ætíð síðan og við höfum oft rætt þá reynslu sem hún færði okkur.

Í ljósi hennar óskum við ykkur til hamingju með framtíðina, foreldrum, börnum, ykkur öllum, og vonum að gleðin yfir nýjum tækifærum muni halda áfram að auðga tilveru ykkar.

Þjóðahátíð er því fagnaðarstund, vitnisburður um á hve litríkan og skemmtilegan hátt Ísland er að breytast.